

- 52**  
14. maí
- 3) Að eigandi, ef upp kemur sýki á svinunum, sem grunur er um að geti verið næm, gjöri yður, herra sýslumaður, aðvart, og væntir stjórnarráðið þá þess, að þjer gjörið nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja það, að sýkin breiðist ekki út, en tilkynnið það hingað með fyrstu ferð; og
- 4) Að eigandi borgi allan kostnað, er leiða kann af skoðun þeirri, er ræðir um undir 1. lið og ráðstöfunum samkvæmt 3. lið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar að því viðbættu, að nefndum Olaf Fostenes hefir hjeðan verið tilkynnt leyfi þetta.

**53**  
5. maí

## Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

### heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem samið hefir bæjarstjórn nefnds kaupstaðar.

#### *I. Almenn ákvæði.*

##### 1. gr.

Samþykktin hefir fullt gildi á kaupstaðarlóðinni, eins og hún nú er, eða siðar kann að verða.

Á byggðum og ræktuðum svæðum í lögsagnarumdæmi bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar skal ákvæðum samþykktarinnar beitt að svo miklu leyti sem því verður við komið og heilbrigðisnefnd telur þörf á.

##### 2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki til 3 ára.

Bæjarstjórnin skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef; skal launa hann úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi.

##### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Nefndin skal hafa fundarbók og rita í hana allar gerðir sínar.

Formaður skal annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að láta framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. **53**  
5. maí

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er ræðir um í þessari samþykkt eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna og almennan þrifnað, hvort heldur er á almannaferi eða á einstakra manna eign.

Nefndin skal, að minnsta kosti einu sinni á ári, skoða eða láta skoða allar húseignir á því svæði, er samþykktin nær yfir.

Heilbrigðisnefndin skal bóka eða láta bóka allt það, sem aðfinnsluvert þykir samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er hlut í eiga, fyrir um það, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún tafarlaust leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fje sje veitt til framkvæmdanna. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án þess að leita áður samþykkis bæjarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust.

#### 6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; húsráðandi skal gegna öllum þeim skyldum og kvöðum eptir samþykkt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

## II. Um almennt hreinlæti og þrifnað.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á hreinsun torga, gatna og óbyggra lóða.

#### 8. gr.

Á götur og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sjer matarleifum, rusli, skolpi, hræjum, eða öðrum óhreinindum. Í ræsi — hvort sem eru neðanjarðar lokræsi eða ofanjarðar göturæsi — má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrás.

Sorpi, slori, matarleifum, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nema fram af þar til gerðum pöllum, eða svo langt að úttaki um hálf-

**53** fallinn sjó um smástreymi. Meðan fiskiverkun er leyfð á lóð kaupstaðarins, skal  
5. maí hún vera háð sjerstöku eptirlíti heilbrigðisnefndar, og fari að öllu leyti fram á þann hátt, er hún skipar fyrir um.

Hey, hálm, þang, mykju, mó, mold eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götur eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar og önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

9. gr.

Á húshliðar, húsgafla eða girðingar, sem vita að götum, strætum eða torgum og almannaferi, má eigi hengja, negla eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, nje annað sem óprifnaður er að eða óþefur, og eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannaferi.

10. gr.

Á tún, sem liggja að almannaferi, má ekki frá miðjum maí til miðs septembers bera áburð, sem megnan óþef leggur af.

11. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbyggðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð húseiganda að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má kasta eða láta viðgangast, að kastað sje sorpi, ösku eða neinskonar óhreinindum eða rusli inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja slík óprif tafarlaust burt aptur á sinn kostnað.

Þar sem svo stendur á, að skolpi verður eigi veitt frá húsi nema yfir lóð annars manns, skal því veitt yfir lóðina í lokuðu ræsi, sem sje svo útbúið, sem heilbrigðisnefnd skipar fyrir, og skal húsráðandi einn annast um hreinsun þess ræsis, að svo miklu leyti, sem hann eigi notar það í sameiningu við lóðareigandann. Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um rennulagninguna, sker byggingarnefnd úr samkvæmt opnu brjefi 26. jan. 1866.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út í göturæsi, og sjá um að þau stiflist ekki.

12. gr.

Götur bæjarins, almenn svæði og ræsi skal hreinsa á bæjarins kostnað svo opt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

*III. Um frá-ræslu.*

13. gr.

Skolp skal annaðhvort borið í sjóinn eða því veitt burtu úr húsunum svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, í ræsum, sem skulu vera svo víð og

hallajöfn og að öllu svo gerð, sem heilbrigðisnefnd skipar fyrir um, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign.

**53**  
5. maí

14. gr.

Ef ræsi er lagt í götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum fram með götunni, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og sjeu þau ekki lakari að gerð en göturæsið.

*IV. Um vatnsból.*

15. gr.

Vatnsleiðsla bæjarins er undir yfirumsjón heilbrigðisnefndar. Um afnot annara vatnsbóla fer eptir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar; getur hún bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún telur það óheilmæmt, og sömu-leiðis látið með öllu taka af brunn, ef það sannast við rannsókn, að vatn úr honum sje skaðvænt.

*V. Um peningshús og áburðargryfjur.*

16. gr.

Búpening má ekki hafa í íbúðarhúsi; þó getur heilbrigðisnefnd til 1. janúar 1908 veitt undanþágu þar sem enn kann að vera svo húsum háttað.

17. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera áburðargryfjur, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd viðvart áður en verkið er hafið, og skal hún gæta þess að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eptir:

Ekkert peningshús má setja nær opnu vatnsbóli en nemi 15 álum. Fjós má eigi setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álum. Básgólf og flór skal gera úr steinsteypu, og skal flórinn hallast að steinræsi, er liggi út í áburðargryfju.

Áburðargryfjur má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álum. Gryfjur þessar skal gera úr steinsteypu, svo að þær sjeu áreiðanlega vatnsheldar; skulu veggirnir jafnan ná  $\frac{1}{2}$  alin eða meira upp úr jörðu, og yfir hverri gryfju svo sterkur hleri, að hvorki menn nje skepnur geti fallið í hana.

Bannað er að safna áburði í haug á húslóðum, en á girtum túnnum getur heilbrigðisnefnd leyft það með sjerstökum skilyrðum. Áburðarsafn skal láta þar sem heilbrigðisnefnd leyfir.

Eptir 1907 má eigi hýsa nje nytka neinn búpening á kaupstaðarlóðinni á tímabilinu frá 24. júní til 1. september.

## 18. gr.

Ef peningshús eða safngryfjur, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd banna afnot þeirra nema bætt sje og lagfært samkv. 17. gr.

VI. *Um salerni.*

## 19. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni eitt eða fleiri, eptir stærð hússins og fjölda íbúða. Innanhúss-salerni skal hafa í sjerstökum klefa og sje útgluggi á hjörum á klefanum og svo til hagað, að tæma megi þegar ílátið með sogdælu, er gangi til sjávar í jarðræsi í hvert skipti er salernið er notað. Utanhússalerni viti aldrei út að götu eða almannafæri á kaupstaðarlóðinni, og utan hennar sje það ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum, og svo sett, að það geti aldrei saurgað það. Gólf í salerninu skal vera steinsteypt og nokkru hærra en jarðvegur í kring. Í hverju salerni skal vera saurkaggi, vel vatns-heldur, og ná fast upp að setunni. Saurkagga skal gera eptir fyrirmynd er bæjarstjórnin lætur í tje. Vindaugu skulu vera í hverju salerni.

## 20. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmd áður en þau fyllast. Jafnan skulu salerni lokuð, nema meðan á ræstingu stendur.

Bæjarstjórn getur látið hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Hreinsun salerna skal fara fram um nætur, frá kl. 12—5 frá 1. apríl til 30. september, en á öðrum tímum árs frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis.

Safn úr salernum skal láta þar sem heilbrigðisnefnd leyfir.

## 21. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi, sem eldra er en þessi samþykkt, skal hús-eigandi hafa komið því upp áður en ár er liðið frá því er samþykkt þessi öðlast gildi.

Nú er salerni við hús eldra en þessi samþykkt svo illa gert, að óþrifnaður er að, og getur heilbrigðisnefnd þá heimtað af húseiganda, að hann geri nýtt salerni á þann hátt, er segir í 19. gr. eða bæti það á annan fullnægjandi hátt.

VII. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

## 22. gr.

Svo framarlega sem sjómenn eigi kasta öllu slógi, hausum og öðrum fiskiúrgangi í sjóinn, svo að úttaki með hálföllnum sjó, skulu þeir safna því í

ilát og flytja burtu samdægurs þangað sem heilbrigðisnefnd segir fyrir um; þó má aldrei kasta fiskiúrgangi í sjóinn pollmegin.

53  
5. maí

Formenn bera ábyrgð á því, að þessum ákvæðum sje hlýtt.

Bæjarstjórn getur látið flytja burtu sorp úr húsum gegn endurgjaldi frá húsráðendum.

### VIII. *Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður.*

#### 23. gr.

Á kaupstaðarlóðinni eða í grennd við hana má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til. Allur slíkur iðnaður skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrir mælum hennar, að því er hreinlæti snertir og allan þrifnað, bæði utanhúss og innan.

#### 24. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eptirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að álitu læknis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu vinnufólksins. Gildir þetta einkum um þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinkun á andrúmslopti. Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skipti, hversu mikið loftrúm skuli ætla hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum. Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loftrás á annan hagkvæman hátt. Gólf skal þvo daglega, veggj og loft skal mála eða kalkbera einu sinni á ári.

### IX. *Um matvæli.*

#### 25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemmd er eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til að skemmd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjerads-læknis eða annara manna, er slík rannsókn er falin af yfirvöldum, að einhver matvara er skemmd og skaðleg eða ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörinni, eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum. Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við, að hann breiðist út þaðan.

X. *Um slátrunarhús, kjötskodun og kjötbúðir o. fl.*

## 26. gr.

Slátrun skepna skal fara fram eptir reglum, sem heilbrigðisnefndin setur. Þeir sem hafa slátrun og kjötsölu fyrir atvinnu, skulu fullnægja þeim ákvæðum um tilhögun á slátrunarhúsum, sem hjer fara á eptir.

## 27. gr.

Slátrunarhús má ekki reisa annarstaðar en þar, sem heilbrigðisnefnd leyfir og hægt er að koma afrennsli til sjávar í jarðræsi.

Gólf í slátrunarhúsum skal vera steinsteypt og skal halla að skolpopum, en frá þeim skal húseigandi gera jarðræsi til sjávar eða í næsta götugarðræsi.

Veggir skulu kalkaðir, gluggar á hjörum á tveimur hliðum mótsettum, og auk þess vindaugu («ventiler»), svo að loptrás geti verið góð um húsið, hvernig sem víðrar.

Slátrunarhús skal hafa 3 hólf að minnsta kosti; í einu þeirra skal skera skepnurnar, gera þær til í öðru, en hleypa úr innýflum í þriðja.

Fast við innýflaklefan skal vera vatnshelt gorilát eða gorgryfja, með sömu gerð og áburðargryfjur (sbr. 17. gr.).

Í hverju hólf sje grein úr vatnsleiðslu bæjarins með vatnshana, næg vatnsilát til þvotta, og skólpop, er gangi í jarðræsi.

## 28. gr.

Stiur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í, skulu vera á þeim stað, og í því ástandi, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

## 29. gr.

Ekki má hafa slátrunarhús nær íbúðarhúsum en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum.

## 30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að slátrunarhús sjeu vel þriffin. Skulu gólf skoluð hrein á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau verða óhrein, og vindaugu opnuð iðulega.

Gorgryfjur skal tæma jafnóðum og fyllast. Rjettir skal moka daglega, þá er skepnur eru geymdar í þeim. Hundum má ekki hleypa inn í slátrunarhús, og ekki kasta sulum úr skepnum þar sem hundar geti náð til, heldur skal safna þeim í ílát og grafa síðan niður eða brenna.

Slátrrarar skulu vera hreinir og hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga.

Bæjarstjórn getur tekið slátrunarstörf af þeim, er vanrækir þessi þriffin- aðarfyrirmæli.

Þeir sem kjöt vilja selja af nautgripum, sem slátrað er utanbæjar, skulu fá vottorð hjeradslæknis eða dýralæknis um að kjötið sje vel með farið og heilnæmt, áður en þeir bjóða það út til sölu. 53 5. maí

## 31. gr.

Bæjarstjórnin ræður, jafnskjött og við verður komið, dýralækni eða annan hæfan mann til þess að hafa á hendi skoðun á nautgripum, hestum og svinum, þeim er slátrað er til sölu og kjöti af þeim. Skyldur er hver sá, er slátrar nautum, hestum eða svinum til sölu, að láta skoðunarmann skoða skepnurnar og skrokkana af þeim, og skal hann greiða gjald fyrir skoðunina eptir taxa, sem bæjarstjórnin setur. Bæjarstjórnin setur og reglur um kjötskoðun í samráði við heilbrigðisnefnd.

Enginn má hafa til sölu kjöt eða slátur af sjálfdaudum skepnum nje þeim, er drepnar hafa verið vegna veikinda, nema skoðunarmaður hafi verið tilkvaddur og dæmi það ósaknæmt.

Öllu því kjöti og slátri, sem skoðunarmaður dæmir óhæft til manneldis, skal lóga á kostnað eiganda endurgjaldslaust.

## 32. gr.

Matvælasölu skal hagað eptir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Matvælasölubúðir skulu byggðar þannig:

1. Gólf skal vera steinsteypt og í því skólpop, sem gangi út í jarðræsi.
2. Búðin skal eigi vera lægri en svo, að 4 álnir sjeu undir lopt. Loptið skal gipsa, en innan á veggjum sjeu gleraðar flögur eða sterk sementsblanda.
3. Í búðinni skal hafa vatnshana, loptrás góða og sem mesta birtu.
4. Á borðum, sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarafögur eða zinkþynnur.
5. Á öllum snögum, sem kjöt er hengt á, skal vera nikkelhúð eða zinkhúð.

Engar aðrar vörur en matvæli má selja í matvælasölubúðum.

## 33. gr.

Atvinna af matvælagerð skal háð eptirliti heilbrigðisnefndar. Að því er húsnæðið snertir, getur heilbrigðisnefnd heimtað þann útbúnað, sem til er tekinn í 32. gr. 1—5.

## XI. Um mjólkursölu.

## 34. gr.

Öll mjólkursala skal háð eptirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef þar gengur næmur sjúkdómur, eða ástæða er til að ætla eða vissa fyrir því að kýrnar sjeu veikar.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óprifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og kúahirðing er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkkin óhreinkist.



*XII. Um brauðgerðarhús o. fl.*

## 35. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir og þrifnað.

Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraofn í hús og byrja bakaraíð, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal það bundið þeim skilyrðum, að brauðgerðarhúsið sje bjart og loptgott, lopt og veggir kalkaðir eða sementeraðir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

## 36. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar.

Öll tóbaksnautn er bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minnsta kosti einu sinni á dag.

Veggi og lopt skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í herbergjum, sem höfð eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar; þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

*XIII. Um íbúðarhús.*

## 37. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd telur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndin telji viðunandi.

## 38. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd, að herbergi í íbúðarhúsi sje svo full af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af, getur heilbrigðisnefnd heimtað af leigjanda eða eiganda, að þau sjeu ræstuð.

## 39. gr.

Bannað er að taka steinhús og kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir eða þröngir.

53  
5. maí

#### XIV. Um skóla.

##### 40. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

##### 41. gr.

Hver kennslustofa skal vera svo stór, að 90 rúmfet komi á hvern nemanda að minnsta kosti.

Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skulu olíuborin og þvegin á hverjum degi.

##### 42. gr.

Ef kennari eða nemandi hefir berklaveiki og læknir álitur, að um sótt-næmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að nemandinn eða kennarinn komi í skólann, þangað til sótt-næmishættan að dómi læknis er um garð gengin. Sama er um kláða eða aðra næma hörundskvilla.

#### XV. Um næmar farsóttir.

##### 43. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum eða í grennd við hann, er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

#### XVI. Um kirkjugarða.

##### 44. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með jarðræsnum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni. Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álum. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

**53**  
5. maí

*XVII. Um sektir o. fl.*

45. gr.

Ef samþykkt þessi er brotin eða vanrækt er að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

46. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1906.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 5. maí 1906.

**H. Hafstein.**

---

*Jón Magnússon.*

**54**  
21. maí

## Reglugjörð

fyrir

### **lóðasjóð Ísafjarðarkaupstaðar.**

Samkvæmt 3. gr. laga 20. okt. 1905 um heimild til lóðasölu fyrir Ísafjarðarkaupstað er hjermeð, eptir að stjórnarráðinu hafa borizt tillögur bæjarstjórnar nefnds kaupstaðar, sett eptirfarandi reglugjörð fyrir lóðasjóð Ísafjarðarkaupstaðar:

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er andvirði seldra lóða á Ísafirði og skal það ávaxtað sem ómyndugra fje.